



84. HÉRAÐSPING HSH ÞINGGERÐ

**Héraðsþing HSH
Grundarfirði 7. apríl 2025**

1. Þingsetning.

Formaður HSH, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson setti 84. Héraðsþing HSH og bauð fulltrúa og gesti velkomna.

2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara.

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson tilnefnir Gunnar Kristjánsson sem þingforseta.

Gunnar þakkaði traustið sem honum er sýnt. Þingforseti tilnefnir Sigríði Guðbjörgu Arnardóttur sem varaþingforseta, Maríu Ölmú Valdimarsdóttur sem ritara og Berglindi Long sem vararitara.

Þingforseti leggur til breytingu á dagskrá þings. Liður 9, ávarp gesta verður fært aftur um tvo liði í dagskrá. Þá fellur 11. liður niður.

3. Skipun kjörbréfanefndar.

Þingforseti leggur til að Arnar Geir Diego Ævarsson verði formaður kjörbréfanefndar og með honum verði Harpa Jónsdóttir og Sigurósk Sunna Magnúsdóttir. Kjörbréfanefnd tekur til starfa.

Aðildarfélög

Eldborg	2	UMF. Staðarsveit	2	Golfklúbburinn Jökull	3
Golfklúbburinn Mostri	3	UMF. Víkingur/Reynir	4	Golfklúbburinn Vestarr	3
Skotfélag Snæfellsness	3	UMF. Snæfell	4	UMF. Reynir	2
Golfklúbbur Staðarsveitar	2	UMF. Grundarfjarðar	4		
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	2	Snæfellingur	3		

4. Skýrsla stjórnar.

Þingforseti býður formann HSH í pontu til þess að fara yfir skýrslu HSH. Hjörleifur Kristinn fer yfir störf HSH, sjá ársskýrslu HSH 2024. Nýbreytni tekin upp í starfinu, sér viðburður var búinn til í kringum útnefningu íþróttamanna HSH og tókst það mjög vel og verður framhald á

Því. HSH orðið fyrirmyndarhérað ÍSÍ og hvetur HSH aðildarfélögin til að hefja þá vinnu að gerast fyrirmyndarfélög.

5. Lagðir fram skoðaðir reikningar.

Þingforseti býður Garðar Svansson, gjaldkera HSH í pontu til þess að fara yfir ársreikninga HSH. (Þingskjal 1) Tekjur 2024 eru töluvert lægri en 2023 og er ástæðan sú að árið 2023 sá HSH um Landsmóts 50+. Tap ársins var 5.646.236.-

6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þingforseti gefur orðið út í sal fyrir umræður.

María spurði um styrk frá Héraðsnefnd sem hefur fengist á hverju ári, er 0 í ársreikningi 2024, Garðar kom inná að styrkur frá Héraðsnefnd kemur til greiðslu á þessu ári, HSH á inni styrk fyrir 3 ár. Heitir reyndar núna Byggðasamlagi Snæfellinga og þarf að laga það í næstu reikningum

7. Álit kjörbréfanefndar

Kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréfin og les upp fundarmenn sem eiga rétt á að kjósa á þinginu. Arnar Geir Diego Ævarsson, formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörgengi fundarmanna. 12 félög hafa rétt á að senda fulltrúa á þingið.

Snæfellingur, 3 fulltrúar, 3 mættir, Herborg Sigurðardóttir, Katrín Gísladóttir og Katharina Kotschote.

Eldborg, 2 fulltrúar, 2 mættir, Elísabet Ýr Bjarnadóttir og Ástdís Rakel Hlynsdóttir.

Golfklúbburinn Mostri, 3 fulltrúar, 3 mættir, Magnús Þór Jónsson, Gunnar Björn Guðmundsson og Helga Björg Marteinsdóttir.

UMF. Víkingur Ólafsvík, 4 fulltrúar, 4 mættir, Tinna Ýr Gunnarsdóttir, Margrét Eva Einarsdóttir, Berglind Long og Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir.

UMF. Snæfell, 4 fulltrúar, 4 mættir, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, María Alma Valdimarsdóttir, Birta Antonsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

UMF. Grundarfjarðar, 4 fulltrúar, 4 mættir, Tryggvi Hafsteinsson, Gyða Rós Freysdóttir, Sólveig Ásta Bergvinsdóttir og Guðbrandur Gunnar Garðarsson.

Golfklúbburinn Vestarr, 3 fulltrúar, 3 mættir, Garðar Svansson, Hinrik Konráðsson og Lilja Magnúsdóttir.

Golfklúbburinn Jökull, 3 fulltrúar, 3 mættir, Hjörtur Guðmundsson, Viðar Gylfason og Sigurður Þ. Gunnarsson.

Íþróttafélag Miklaholtshrepps, 2 fulltrúar, 2 mættir, Laufey Bjarnadóttir og Harpa Jónsdóttir.

Skotfélag Snæfellsness, 3 fulltrúar, 3 mættir, Arnar Geir Diego Ævarsson, Jón Pétur Pétursson og Unnsteinn Guðmundsson.

UMF. Staðarsveit, 2 fulltrúar, 2 mættir, Sigurósk Sunna Magnúsdóttir og Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir.

Golfklúbbur Staðarsveitar og UMF. Reynir Hellisandi sendu enga fulltrúa á þingið.

8. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ársreikningur lagður fram til atkvæðagreiðslu fyrir þingið. Samþykktir samhljóða

9. Fjárhagsáætlun lögð fram.

Þingforseti býður Garðar Svansson gjaldkera HSH í pontu sem leggur fram fjárhagsáætlun. (Þingskjal 2) – Garðar fer yfir þingskjalið og fer yfir að gera þurfi breytingar á fjárhagsáætluninni þar sem styrkur frá Byggðasamlagi Snæfellinga hækkar.

Þingskjal 3: Hvatningartillögur til aðildarfélaga um að gerast fyrirmyndarfélag ásamt hvatningu til að taka þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Þingskjal 4: Þakka Sveitarfélögum á Snæfellsnesi, Byggðasamlagi Snæfellinga og fyrirtækjum fyrir stuðning við íþróttastarf á aðildarsvæði HSH. Þakka stjórn og starfsfólki UMFÍ og ÍSÍ fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

Þingskjal 5: Úthlutun Lottótekna frá HSH til aðildarfélaga.

Þingskjal 6: Skattur aðildarfélaganna 18 ára og eldri sé 180 kr.-

Þingskjal 7: Lög HSH. Breytingar á lögum HSH eftir ábendingar frá ÍSÍ eftir síðasta þing.

- Vekja sérstaka áherslu á eftirfarandi greinum:

- 9. grein
- 10. grein
- 11. grein
- 18. grein
- 23. grein

11. Ávörp gesta og heiðursviðurkenningar HSH

Þingforseti býður þá fulltrúa gesta sem í salnum sitja að koma og ávarpa þingið.

Svæðisfulltrúar á Vesturlandi, Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson.

Álfheiður og Heiðar þökkðu fyrir að fá að vera með okkur á þinginu, Álfheiður staðsett á Hvanneyri og Heiðar á Akranesi. Samstarf við HSH og Vesturlands mjög gott, hafa verið í fullt af verkefnum og aðstoðað við ýmis verkefni. Fóru í sameiningu yfir þau verkefni sem þau eru með í gangi. Áfangi stofnaður í Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi í samstarfi við ÍA, áfanginn heitir: sjálfbærastörf í íþróttahreyfingunni, mjög spennandi verkefni. eru að fara í spjall um þetta við aðra skóla á svæðinu. Samvinna í gangi við Fjölmenningskóla Vesturlands, Farsældarfulltrúa Vesturlands og samtökum Sveitarfélaga á Vesturlands um að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum, til að halda börnunum í íþróttum þarf að virkja foreldrana og til að virkja foreldrana til þátttöku í samfélaginu eru íþróttir hugsanlega besta leiðin. Hlakka til að vera í meira samstarfi við HSH. Á Akranesi er í gangi verkefnið íþróttir á skólatíma og virkar það eins og tónlistarskóli á skólatíma það er að börn með ýmsar áskoranir og þau sem eiga erfitt með að vera í stórum hópum fari í íþróttir hjá félögum á skólatíma, vonandi verkefni sem hægt er að taka lengra. eru að byrja vinnu við íþróttastefnu nokkurra sveitafélaga, þarf að komast í betra horf hjá sveitafélögum í samvinnu við íþróttafélögin. Á Akranesi er vinna í gangi varðandi brottfall unglinga úr íþróttum, af hverju eru unglingarnir að hætta í íþróttum og hvað er til ráða? þarf að búa til meiri verkefni í íþróttahreyfingunni fyrir unglinga 16 ára og eldri sem ætla ekki í afreksíþróttir en vilja stunda íþróttir með skóla. 18% af íþróttastyrkjum frá Rannís fór á

Vesturland. Eru einnig að vinna allskonar skemmtilega tölfræði, skoða t.d. iðkendur að 18 ára aldri eftir svæði og íþróttafélögum, tölfræðin tilbúin fyrir 2023 og þegar öll félögin hafa skilað inn skýrslum fyrir 2024 verður það tekið saman og gerður samanburður.

Hafsteinn Pálsson, formaður Heiðursráðs ÍSÍ og meðstjórnandi ÍSÍ heldur ávarp og veitir heiðursviðurkenningar.

Hafsteinn lýsti yfir ánægju sinni að vera hjá okkur á Snæfellsnesi, reyna eftir mætti að fara um landið. Flytur kveðjur frá Forseta ÍSÍ, framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórn og starfsfólk og þakka fyrir samstarfið. Byrjar alltaf á að tala um rekstur á Getspá og sér á okkar reikningum að þetta eru tölur sem skipta máli, þessi rekstur sem skilar þessum fjármunum til íþróttafélaga er í harðri samkeppni við ólöglega spilastarfsemi, hvetur okkur til að leggjast á áramnar með ÍSÍ að fólk hafi dug í því að framfylgja þeim lögum sem gilda í landinu og þetta. Er líka lýðheilsumál að koma í veg fyrir þessa ólöglegu spilastarfsemi, mun meiri hætta á spilafíkn ef fólk fer á þessar síður. Úttektir hafa sýnt að þessi rekstur sem íþróttahreyfingin rekur (Getspá) er ekki líklegur til að spilafíknar.

Ferðastyrkur ÍSÍ, upphæðin hefur staðið í stað í nokkur ár, ástæðan er ekki sú að það hafi ekki verið lögð áhersla á það að hálfu ÍSÍ heldur hefur ekki gengið eftir að fá aukningu frá Ríkisvaldinu. ÍSÍ lítur svo á að þau þurfi aðstoð við að fá hvatningu til stjórnvalda um að þessi tala hækki – besta leiðin að við ræðum við okkar þingmenn og biðja þá að leggjast á áramnar um að þessar upphæðir verði hækkaðar og styðji þannig við starfið í héraði.

Fengu myndarlega viðbót í afreksmálunum á síðasta ári. Kallar á gjör breytingu á úthlutun styrkja frá því sem áður var og fólk er miskátt með það en þessi úthlutun er skilyrt og verið að aðlaga það að því sem gerist í löndunum í kringum okkur. Það er ljóst að sama hvað bætist í pottinn þá eru allir á því að það hljóti vera þannig að það sem kemur í þeirra hlut sé aðeins of lágt og ætti að vera meira miðað við hina, en það er nú alltaf þannig þegar verið er að útdeila peningum.

Framundan er íþróttahring og þar liggur fyrir að forseti ÍSÍ ætlar ekki að gefa kost á sér ásamt nokkrum stjórnarmeðlimum, þar á meðal Garðar Svansson. Það verður því kosinn nýr forseti ÍSÍ og biðum við spennt eftir því að vita hver það er sem kemur til með að leiða sambandið, komið allavega tvö framboð sem hann hefur heyrt af. Þingið um miðjan maí.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur falið honum að sæma þrjá aðila viðurkenningum.

Jón Pétur Pétursson – Formaður Skotfélags Snæfellsness (2011–2024), silfurmerki ÍSÍ

Jón Pétur Pétursson er einn af þeim einstaklingum sem hafa lagt mikið til samfélagsins, sérstaklega á sviði skotíþróttar og félagsstarfs. Hann var formaður Skotfélags Snæfellsness í 13 ár frá 2011 til 2024 og hefur verið mjög virkur félagsmaður í gegnum árin. Á meðan hann sat í formannsstólnum var félagið undir hans stjórn ekki aðeins viðurkennt fyrir árangur í skotíþróttum heldur einnig fyrir framfarir á sviði félagsstarfs og útbreiðslu skotíþróttar á Snæfellsnesi.

Leiðtogahlutverk og ábyrgð

Jón Pétur tók við formennsku í Skotfélagi Snæfellsness árið 2011 og hafði frá upphafi áhrif á stefnu félagsins og þróun þess. Á þeim tíma var félagið þegar með virka starfsemi, en Jón Pétur hafði það að markmiði að efla félagslífið og bæta aðstæður fyrir skotíþróttafólk á Snæfellsnesi. Á 13 árum sem formaður leiddi hann félagið í átt að aukinni fagmennsku og bættri aðstöðu fyrir bæði byrjendur og lengra komna.

Hann lagði mikið á sig til að byggja upp samstarf við aðra félag og stofnanir innan og utan skotíþróttahreyfingarinnar, sem gerði félaginu kleift að nýta sér betri aðstöðu og útbúnað. Jón Pétur var einnig staðfastur í því að halda uppi uppbyggilegum viðburðum og keppnum, sem hjálpuðu til við að vekja áhuga á skotíþróttum í samfélaginu og styrkja tengsl félagsmanna.

Framfarir á félagslegu sviði

Á meðan Jón Pétur var formaður var félagið ekki aðeins vettvangur fyrir skotíþróttir heldur einnig samfélag þar sem félagsmenn mynduðu tengsl og studdu hver annan. Með leiðtogafærni sinni og virku starfi innan félagsins, sá Jón Pétur til þess að félagslífið í Skotfélagi Snæfellsness var blómstrandi, þar sem fólk í öllum aldurshópum og með mismunandi áhugasvið fundu þar pláss.

Á hans tímabili var mikil áhersla lögð á að fjölga nýjum félagsmönnum, bæði ungum og eldri, og hafa meðlimir félagsins áhrif á samfélagið með þátttöku í verkefnum sem höfðu í för með sér samfélagslega ábyrgð og samkennd. Jón Pétur var einnig fyrirmynd í því að efla félagslegt og andlegt samband milli skotíþróttafólks, sem skapaði heilsteyptari og samheldnari félagsskap.

Árangur og viðurkenning

Á árunum 2011 til 2024 náði Skotfélag Snæfellsness miklum árangri, bæði innan lands og á alþjóðavettvangi. Jón Pétur hafði óbeinan en ákvarðandi þátt í þessum árangri með því að leiða

félagið í nýjar áttir og styrkja stöðu þess innan íslenskra skotíþróttasamtaka. Með því að leggja áherslu á útbúnað, þjálfun og keppni, stuðlaði hann að því að félagsmenn náðu framúrskarandi árangri í ýmsum mótum og keppnum, sem hefur skapað félaginu virðingu innan samfélagsins.

Á þeim 13 árum sem Jón Pétur var formaður Skotfélags Snæfellsness var félagið virkt og vel skipulagt. Á heildina litið var hann ómissandi hluti af félagsstarfinu og hafði jákvæð áhrif á bæði rekstur og framtíð þess.

Lokorð

Jón Pétur Pétursson er mikilvægur þátttakandi í Skotfélagi Snæfellsness og hefur með starfi sínu sem formaður á 13 árum hjálpað til við að móta félagið og samfélagið í kringum það. Hann var ekki bara leiðtogi innan félagsins heldur einnig fyrirmynd fyrir aðra félagsmenn með sínu ákafa starfi, hollustu og ástríðu fyrir skotíþróttum. Þegar hann ákvað að hætta sem formaður árið 2024, eftir 13 ár, skilur hann eftir sig varanlega merki í félaginu, sem mun halda áfram að blómstra og þróast í framtíðinni.

Jón Pétur hefur sannarlega verið ómetanlegur þátttakandi í Skotfélagi Snæfellsness og mun áfram vera talinn einn af helstu stoðum félagsins.

Ólafur Tryggvason – Snæfellingur - silfurmerki ÍSÍ

Ólafur hefur lagt félaginu og hestamenskunni mikið lið í félagsmálum og verið óeigingjarn á sitt starf fyrir hestamenn. Það er margt sem hann hefur komið að fyrir félagið. Var í stjórn í 12 ár núna síðast og var allan tímann gjaldkeri, var formaður reiðveganefnadarinnar. Þá hafði hann áður verið í stjórn félagsins, var í framkvæmdanefnd Fjórðungsmótsins 2017, situr í stjórn Vesturlandsdeildarinnar. Sennilega er Ólafur búinn að vera svo lengi í Snæfelling að hann var varla með aldur til að muna hvernær hann var skráður þar sem faðir hans var mjög virkur félagsmaður hjá Snæfelling. Hvar sem hestamennskan er þá er Óli liðtækur hvort sem er í útreiðum, keppnum, hestaferðum, ræktun eða félagsmálum. Svona félagsmenn er gott að hafa með sér í hverjum þeim verkefnum sem til falla á hverjum tíma.

Tryggvi Gunnarsson – Snæfellingur – gullmerki ÍSÍ

Tryggvi Gunnarsson er einn af stofnfélögum í Hestamannafélaginu Snæfelling og sat í stjórn Snæfellinga um árabil og var formaður þess um tíma. Sat mörg LH þing og var lykilmáður í

uppbyggingu svæðisins á Kaldármelum og formaður fjórðungsmótsnefndar bæði 1988 og 1992. Tryggvi var stjórnarmaður í Hrossaræktarsambandi Vesturlands í 8 ár, hann er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Snæfellingi og HrossVest. Duglegur og kraftmikill félagsmaður sem félagið á mikið að þakka.

Að lokum óskaði Hafsteinn okkur góðs gengis á þinginu og að starfið megi blómstra sem aldrei fyrir á árinu.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ - heldur ávarp og veitir heiðursviðurkenningar.

Færir okkur kveðjur frá stjórnar og starfsfólki UMFÍ. Íþróttahreyfingin stendur á tímamótum, auknar kröfur eru um þjónustu, erfiðara er að fá sjálfbodaliða til starfa og fjármögnun þung. Blikur á lofti um það að staða sveitafélaga sé að þyngjast auk þess sem íþróttafélögum hefur borist bréf frá skattinum og óvissa með kröfur skattýfirvalda, mikilvægt að hreyfingin verði samstíga í viðbrögðum, ef við stöndum saman er líklegra að hægt verði að ná árangri fyrir heildina. Samvinna er góð á mörgum sviðum og mikilvæg og eru UMFÍ og ÍSÍ í góðu samstarfi, hægt að taka íslenskar getraunir sem dæmi. Annað samstarfsverkefni sem vert er að koma inná og hefur tekist mjög vel eru svæðisfulltrúarnir sem settir voru á laggirnar fyrir ca ári síðan. Hlutverk þeirra er að þjónusta íþróttahéruðin í sínu nærumhverfi svo þau getir veitt betri þjónustu til iðkenda. Sterkari íþróttahéruð um land allt auka skilvirkni íþróttahreyfingarinnar og gera þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Framtíðarsýnin með fyrirkomulagi svæðisskrifstofanna er að þær skili sér í betri nýtingu á mannauði, meiri stuðningi við einstaka íþróttafélög og betri þjónustu við iðkendur. Það passar við þá framtíðarsýn stjórnvalda að sem flestir hafi tækifæri til að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa sér til ánægju, heilsubótar eða á vettvangi afreksstarfs. Stefnir í að öll íþróttahéruð verði sambandsaðilar að UMFÍ.

Endurskoðun íþróttalaga hafa verið í vinnu, þar þurfum við að vera óhrædd við að skoða hlutverkaskiptingu þeirra ólíku aðila sem koma að starfinu, þar þarf m.a. að ræða fullan aðskilnað á fjárhagstengingum innan félaga á milli barna- og unglíngastarfs og starfi meistaraflokka hins vegar. Mögulega skapast tækifæri á að svara túlkun skattayfirvalda og tryggja endurgreiðslu tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Stjórnvöld þurfa einnig að styðja betur við byggðastefnu sína með verulegum auknum stuðningi á ferðakostnaði.

Höldum áfram að sýna frumkvæði og að vinna í því að gera íþróttahéruðin betri, okkur öllum og samfélaginu til góða. Honum hefur verið falið að veita 3 heiðursviðurkenningar, eitt af því skemmtilegasta sem þau gera er að ferðast um landið og verðlauna sjálfboðaliða sem hafa lagt þrotlausa vinnu í sjálfboðastarf sitt.

Kristján Ríkharðsson - starfsmerki UMFÍ

Kristján Ríkharðsson eða Stjáni Tótu eins og hann er alltaf kallaður og eins og nafnið bendir til er kenndur við konuna sína hana Þórunni, kölluð Tóta. Stjáni hefur verið viðloðinn Víking Ólafsvík eins lengi og elstu menn muna en hann er búinn að vera sjálfboðaliði yfir fjóra áratugi. Hann er búinn að vinna í kringum félagið öll möguleg störf. Hann hefur verið búningastjóri, liðsstjóri, séð um matinn eftir leiki ásamt Tótu sinni, hann startaði getraunastarfinu aftur sem var bóúð að liggja lengi í dvala, sinnt stjórnarstörfum og margt fleira. Hann gerir allt fyrir félagið og meðal þess er að hann hefur áritað leikskýrslur hjá félaginu vegna þess að það vantaði eitt nafn á skýrsluna þá varð Stjáni þess heiðurs aðnjótandi að vera dæmdur í leikbann sem sjálfboðaliði hjá félaginu en það bann var fellt niður af áfrýjunardómstól KSÍ þar sem hann var hvorki þjálfari né forystumaður og ekki hægt að dæma sjálfboðaliða út frá þessum reglum KSÍ. Væntanlega er Stjáni fyrsti og eini sjálfboðaliðinn sem hefur verið dæmdur í leikbann. Það skiptir engu máli hvað Stjáni hefur verið beðinn um að gera fyrir félagið, umsvifalaust kemur já og verkið hefur alltaf verið vel unnið úr hendi hans.

Sigríður Guðbjörg (Sirrý) Arnardóttir – starfsmerki UMFÍ

Sirrý Arnardóttir lét af störfum sem formaður UMFG á aðalfundi félagsins í maí 2024.

Sirrý hafði verið formaður félagsins frá árinu 2018 og tók hún þátt í uppbyggingu félagsins, m.a. stofnun rafíþróttadeildar ásamt mörgum öðrum mikilvægum verkefnum sem eru hluti af starfi félagsins í dag.

Sirrý á hrós skilið fyrir þann dugnað og það óeigingjarna starf sem hún hefur unnið fyrir félagið á þessum 8 árum sem hún var formaður.

Gunnar Kristjánsson – gullmerki UMFÍ

Gunnar Kristjánsson, var ritstjóri Skinfaxa, blaðs UMFÍ 1977 -1979. Hann ritaði 75 ára sögu UMFÍ 1981-82. Gunnar hefur í gegnum tíðina sinnt störfum bæði fyrir Ungmennafélag Grundarfjarðar

og einnig HSH. Verið í stjórnun og öðrum trúnaðarstörfum fyrir bæði félög. Gunnar hlaut starfsmerki UMFÍ árið 2008.

Guðmundur óskar þeim sem fengið hafa viðurkenningar á þinginu til hamingju og þakkar fyrir sig.

Gunnar þakkaði fyrir sig og bauð Laufeyju stjórnarmann HSH að stíga í pontu.

Laufey Bjarnadóttir, ritari HSH veitir Gullmerki HSH.

Laufey Bjarnadóttir steig í pontu og veitti Gullmerki HSH - kom inná að silfurmerki HSH voru veitt í fyrsta skipti í vetur þegar sjálfbóðaliðum var þakkað fyrir vel unnin störf. Þetta er einnig í fyrsta skipti sem gullmerki HSH eru veitt.

Garðar Svansson

Garðar Svansson hefur starfað fyrir HSH síðan hann tók fyrst sæti í stjórn HSH þann 2. maí árið 1995. Því eru komin 30 ár nú í næsta mánuði sem hann hefur starfað fyrir héraðssambandið. Frá því að Garðar hóf fyrst störf fyrir HSH hefur hann gengt öllum embættum í stjórn sambandsins en um tíma sinni hann einnig framkvæmdastjórástöðunni. Garðar var í mótstjórn Unglingalandsmóts UMFÍ 2002 sem haldið var í Stykkishólmi auk þess að vera í mótstjórn Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið var í Stykkishólmi árið 2023. En Garðar hefur ekki einungis unnið fyrir héraðssambandið heldur hefur hann starfað bæði fyrir aðildarfélög HSH og landssambönd íþróttahreyfingarinnar. Garðar var kjörinn í stjórn UMFÍ árið 2009 – 2011 og stjórn ÍSÍ árið 2011. Þar hefur Garðar setið í stjórn í 13 ár en mun ekki gefa kost á sér áfram þegar kosið verður á þingi ÍSÍ nú í maí. Hjá þessum mikilvægu landssamböndum í íþróttahreyfingunni hefur Garðar verið ötull talsmaður fyrir auknum samskiptum og samstarfi samtakanna í þágu íþrótt og félagsstarfs.

Garðar var formaður Ungmennafélags Grundarfjarðar frá árinu 1997 til 2001 en í dag starfar hann fyrir félagið á annan hátt, m.a. sem skoðunarmaður reikninga og dómari í blakinu í Grundarfirði. Garðar hefur að auki unnið ómetanlegt starf fyrir Golfklúbbinn Vestarr en hann var kjörinn formaður Golfklúbbsins árið 2013 og sinnir því starfi enn í dag.

Stjórn HSH telur því kjörið að veita Garðari Gullmerki HSH auk þess að færa honum litla gjöf í þakklætisskyni fyrir þá ómetanlegu vinnu sem hann hefur unnið fyrir HSH.

Hallur Pálsson

Hallur Pálsson var formaður HSH á árunum 1991 – 1995. Hallur hefur sinnt trúnaðarstörfum fyrir Ungmennafélag Grundarfjarðar, Hestamannafélagið Snæfelling og HSH í tugi ára. Hann tók virkan þátt í uppbyggingu íþróttavallar í Grundarfirði þegar hann var byggður 1995 og lagði til bæði efni og vinnu við þá uppbyggingu. Að auki hefur Hallur verið virkur í starfi Snæfellinga. Hann var formaður þess frá árunum 1999 til ársins 2003. Hann hefur tekið þátt í mótastarfi og gegnir í dag trúnaðarstörfum fyrir Snæfelling og er fulltrúi félagsins í Hrossvest.

Stjórn HSH telur Hall vera vel að því kominn að vera sæmdur Gullmerki HSH fyrir góð störf fyrir HSH og aðildarfélög þess í tugi ára.

Gunnar Kristjánsson

Gunnar Kristjánsson var formaður HSH á árunum 1976 – 1977. Hann hefur gengt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna á landsvísu. Gunnar var ritstjóri Skinfaxa, rits Ungmennafélags Íslands á árunum 1977 – 1979. Þá var hann einnig ritstjóri 75 ára sögu UMFÍ, Ræktun lýðs og lands, sem var gefin út 1983. Gunnar var einn af stofnaðilum Golfklúbbsins Vestarr árið 1995 og var ritari fyrstu stjórnar félagsins. Gunnar var í mörg ár skoðunarmaður reikninga HSH og er ávallt tilbúinn að taka þátt í verkefnum ef til hans er leitað. Hann er á þessu þingi HSH þingforseti.

Stjórn HSH telur Gunnar vera vel að því kominn að vera veitt gullmerki HSH fyrir góð störf fyrir HSH og aðildarfélög þess í tugi ára.

Veitingahlé – Gestum boðið í súpu, brauðbáta og kaffi í boði UMF. Grundarfjarðar.

12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.

Tillögur lagðar fram til atkvæðagreiðslu fyrir þingið.

Gunnar las upp tillögur sem liggja fyrir þinginu

Þingskjal 3 - Samþykkt samhljóða

Þingskjal 4 - Samþykkt samhljóða

Þingskjal 5 - Samþykkt samhljóða

Þingskjal 6 - Samþykkt samhljóða

Þingskjal 7 – þær greinar þar sem breytingar eiga sér stað bornar upp til samþykktar hver fyrir sig – smá orðalagsbreyting í 18. grein - Samþykkt samhljóða - lögin í heild sinni borin upp til samþykktar – samþykkt samhljóða

Þingskjal 2 - Samþykkt samhljóða með breytingum.

13. Kosningar samkvæmt 19.grein:

a. Formaður HSH

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson gefur kost á sér áfram sem formaður HSH. Þingforseti óskar samþykkis. - Samþykkt með lófaklappi

b. Aðrir í stjórn og varastjórn

Garðar Svansson óskar eftir því að hætta í stjórn HSH eftir 30 ár í starfi í þágu sambandsins. Berglind Long gefur áfram kost á sér í stjórn HSH til næstu tveggja ára. Þingforseti óskar samþykkis. - Samþykkt með lófaklappi

Sólveig Ásta Bergvinsdóttir gefur kost á sér í stjórn. Þingforseti óskar samþykkis. – Samþykkt með lófaklappi

Varastjórn HSH

- Sigurósk Sunna Magnúsdóttir gefur kost á sér í varastjórn HSH. Þingforseti óskar samþykkis. – Samþykkt með lófaklappi
- Arnar Geir Diego Ævarsson gefur kost á sér í varastjórn HSH. Þingforseti óskar Samþykkt með lófaklappi
- Högni Friðrik Högnason gefur kost á sér í varastjórn HSH. Þingforseti óskar Samþykkt með lófaklappi

c. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

Davíð Sveinsson og Magnús Ingi Bæringsson gefa áfram kost á sér sem skoðunarmenn HSH fyrir árið 2025. Þingforseti óskar samþykkis. – samþykkt samhljóða

d. Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.

- Á ekki við

e. **Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.**

○ Á ekki við

f. **Kosning fulltrúa á Íþróttahótel ÍSÍ**

○ Vísað til stjórnar til afgreiðslu. Samþykkt með lófaklappi

14. Önnur mál.

Þingforseti kynnir að nú sé komið að dagskrárliðnum önnur mál og býður í pontu þeim sem hafa óskað eftir því.

Garðar kom í pontu og las upp tillögu að ályktun, óskar eftir samþykki þingsins á þessari tillögu. Ályktunin varðar þær skerðingar á tekjum sem mörg smærri héraðssambönd hafa orðið fyrir vegna breyttra úthlutunarreglna Lottó og munu koma til með að hafa áhrif á starfsemi þeirra. Mun t.d. skerða starfsgetu HSH - hefur nefnt þetta á stjórnarfundi ÍSÍ.

- 84. Þing HSH skorar á stjórn UMFÍ og Framkvæmdastjórn ÍSÍ að koma á móts við íþróttahéruð sem hafa orðið fyrir mikilli skerðingu á úthlutun fjármagns úr Lottó vegna breytinga á úthlutunarreglna Lottó. Á síðustu árum hefur Lottó loksins farið að skipta máli fyrir HSH og aðildarfélög. Ljóst er að sú skerðing sem sambandið hefur orðið fyrir mun koma niður á starfi sambandsins.

Notar tækifærið til að þakka fyrir samstarfið með okkur undanfarna áratugi, búið að vera einstaklega gefandi að vinna fyrir HSH, fyrir íþróttafélögin, fyrir íþróttahreyfinguna hér og á landinu. Barðist mikið fyrir því að UMFÍ og ÍSÍ starfi saman, þegar hann kom inn í starf UMFÍ að þá töluðust þessi sambönd ekki við, nefndarfólk í UMFÍ hafði ekki mikið álit á nefndarfólk í ÍSÍ og öfugt. Sem betur fer er þetta breytt og þetta með svæðisfulltrúana hefði aldrei orðið að veruleika ef samstarf milli þessara sambanda hefði ekki verið gott. Eignar sér svolítið að það hafi orðið að veruleika. Þó hann stígi núna úr stjórn HSH þá er hann alls ekki hættur að starfa fyrir íþróttahreyfinguna og væntir þess að starfa með okkur áfram allaveg 25-30 ár í viðbót 😊

Klappað fyrir Garðari og honum þakkað fyrir góð störf í öll þessi ár.

Gunnar lagði fram ályktunina frá Garðari þar sem fram kom að þessari ályktun yrði vísað til frekari vinnslu hjá stjórn HSH og bað fundarmenn um að greiða atkvæði með þessari tillögu að ályktun - fundarmenn samþykktu þessa ályktun.

Gunnar þakkaði fyrir sig og bauð Hjörleif Kristinn formann HSH að stíga í pontu til að slíta þinginu. Þakkaði fyrir traustið að vera endurkjörinn formaður HSH

Þakkaði starfsmönnum fyrir þeirra framlag, gestum fyrir komuna

Næsta þing verður haldið í Stykkishólmi.

15. Þingslit kl. 20:00.